

*Hann er Guð.*

Ó þú sem ert staðfastur í sáttmálanum! Þú hefur spurt um ferðir Bahá'u'lláh. Hin blessaða fegurð – megi lífi mínu verða fórn að ástvinum Hans – ferðaðist beint frá Teheran til Hamadán, frá þeirri borg til Kirmánsháh og þaðan beint til Bagdad.

Að því er varðar samtökin sem hafa verið stofnuð í Shanghai í Kína með það að markmiði að stuðla að sátt og samlyndi meðal trúarbragðanna, skalt þú senda ensku hefðarfrúnni bókmenntir um málstaðinn og efni úr fjölmiðlum. Ráðleggðu henni og leggðu ríkt á við hana að heimsækja þessi samtök og fjalla um þennan blessaða málstað – þessa allsherjartrú sem sameinar alla þessa trúflokka og trúarbrögð í ljósinu frá sól sannleikans, sættir þau fullkomlega og bræðir þau saman í eina þjóð. Þetta er mikilvægt málefni og þú ættir að sinna því af mikilli umhyggju og aðgát. Haltu upp reglulegum bréfaskiptum við þá og sendu, ef unnt er, kennara til þeirra svæða sem einnig gætu gengið samtökunum á hönd og kunngerðu hinar guðdómlegu kenningar. Þó ætti aðeins að senda þá sem hafa snúið baki við hinu veraldlega, þá sem laðast að ilmi heilagleikans og skera sig úr hvað varðar fullkominn hreinleika og heilagleika.